

Viðauki
við grunnlýsingu
dags. 16. september 2008

vegna peningamarkaðsvíxla
útgefnum af

BS sjóði

fagfjárfestasjóður í rekstri
Rekstrarfélags Kaupþings banka hf.

samkvæmt útboðsáætlun
að fjárhæð allt að 15.000.000.000 kr.

September 2008

1. Yfirlýsingar

1.1. Yfirlýsing útgefanda

Stjórn Rekstrarfélags Kaupþings banka hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, sem fer með æðsta vald í málefnum útgefanda, BS sjóðs, samkvæmt því sem lög og reglur sjóðsins ákveða, lýsir því yfir að samkvæmt bestu vitund stjórnarinnar séu upplýsingarnar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 24. september 2008

F.h. BS sjóðs

Þórarinn Sveinsson, stjórnarformaður
kt. 260667-5059, Sólbraut 10, Seltjarnarnesi

Birgir Örn Arnarson, meðstjórnandi
Kt. 010371-5549, Bergsmára 9, Kópavogi

Sigurður Guðmundsson, meðstjórnandi
kt. 050977-3749, Sundlaugavegi 37, Reykjavík

1.2. Yfirlýsing ábyrgðarmanns

Ábyrgðarmaður, Byr sparisjóður, kt. 610269-2229, Borgartúni 18, 105 Reykjavík, lýsir því yfir að samkvæmt bestu vitund hans eru upplýsingar, sem þessi viðauki við grunnlýsingu hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum hafi verið sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík, 24. september 2008

F.h. Byr sparisjóðs

Magnús Ægir Magnússon, sparisjóðsstjóri
kt. 211256-7889, Staðarhvammi 9, Hafnarfirði

Ragnar Z. Guðjónsson, sparisjóðsstjóri
kt. 300470-3279, Lækjarbergi 19, Hafnarfirði

1.3. Yfirlýsing umsjónaraðila

Umsjónaraðili töku víxla BS sjóðs til viðskipta í OMX Nordic Exchange Iceland hf. er Kaupþing banki hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Umsjónaraðili hefur ekki sjálfstætt skoðað þær upplýsingar sem fram koma í viðauka þessum. Af þeim sökum ábyrgist umsjónaraðili ekki þær upplýsingar sem fram koma eða er vísað til í viðaukanum, hvorki varðandi nákvæmni þeirra né að þær teljist tæmandi. Umsjónaraðili ábyrgist ekki þær staðreyndir sem birtar eru í viðaukanum eða vísað er til í honum eða aðrar upplýsingar sem stafa frá útgefanda eða ábyrgðarmanni í tengslum við útgáfu á víxlunum.

Reykjavík, 24. september 2008

F.h. Kaupþings banka hf.

Helgi Sigurðsson hrl.
frankvæmdastjóri lögfræðisviðs
Kaupþings banka hf.

Þessi viðauki við grunnlýsingu BS sjóðs dags. 16. september 2008 er gerður til að koma á framfæri við fjárfesta mikilvægum nýjum upplýsingum, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sem komið hafa í ljós síðan grunnlýsingin var birt þann 17. september sl. Þessi viðauki er dagsettur 24. september 2008.

Þar sem viðaukinn tekur aðeins til tiltekinna atriða, skulu fjárfestar lesa viðaukann samhliða grunnlýsingunni til að öðlast nægjanlegar upplýsingar um útgefanda, ábyrgðarmann og víxlana.

Með þessum viðauka eru eftirfarandi upplýsingum bætt við kafla 6.2.2 í grunnlýsingunni („Nýlegir atburðir er skipta máli við mat á gjaldhæfi ábyrgðarmanns“):

2. málsgrein kaflans hljóðar nú svo:

Þann 27. ágúst 2008 samþykktu stofnfjáreigendur Byrs á fundi að veita stjórn heimild til að breyta rekstrarformi sparisjóðsins úr sjálfseignarstofnun í hlutafélag. Heimildin var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða. Lögum samkvæmt breytist rekstrarform sparisjóðs með samruna hans og hlutafélags, sem er stofnað í þeim tilgangi að yfirtaka rekstur sjóðsins. Þann 19. september sl. samþykkti Fjármálaeftirlitið breytingu Byr sparisjóðs í hlutafélag á grundvelli 73. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Beðið er samþykkis lánardrottna á breytingunni. Breyting á félagiformi Byr sparisjóðs hefur engin áhrif á starfsleyfi sparisjóðsins.

Við kaflann bætist jafnframt ný 3. málsgrein, sem hljóðar svo:

Þann 22. september sl. birti Byr sparisjóður svohljóðandi tilkynningu í fréttakerfi OMX Nordic Exchange Iceland hf.:

Glitnir og Byr hafa ákveðið að hefja samrunaviðræður

22. september, 2008

Byr sparisjóður (Byr) og Glitnir banki hf. (Glitnir) hafa ákveðið að hefja samrunaviðræður. Í því felst einnig að stjórnir félaganna hafa skuldbundið sig til að ræða ekki við aðra aðila um samstarf eða sameiningar á meðan viðræður standa yfir. Stefnt er að því að niðurstaða liggi fyrir eins fljótt og auðið er.